

# Kennsluáætlun í heimilisfræði skólaárið 2020-2021

## 5. - 6. bekkur

**Kennari:** Erla Sigrún Einarsdóttir

Samfélagsfræðikennsla í 5.-6. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á fyrsta stigi. Hæfniviðmið heimilisfræði er skipt í fjóra flokka: **Matur og lífshættir**, **matur og vinnubrögð**, **matur og umhverfi** og að lokum **matur og menning**. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

### **Kennsluaðferðir:**

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera heimilisfræði að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nemendur fá tækifæri til samvinnu, samræðu, að segja frá og er lögð áhersla á orðaforðavinnu.

**Námsmat:** Námsmatið tengist lykillæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

## Matur og lífshættir

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.
- Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.
- Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.

**Leiðir að markmiðum:**

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.

## Matur og vinnubrögð

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefni sem best.
- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúshöld.
- Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.

## Leiðir að markmiðum

- Nemendur vinna verkefni þar sem þeir segja elda holla og góða máltíð með hráefni úr heimabyggð.
- Þemaverkefni þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga og finna uppskriftir og hráefni í nærumhverfinu.

## Matur og umhverfi

### Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnvretti, sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.
- Skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.

## Leiðir að markmiðum

- Umræður um það hvað nærumhverfið okkar hefur upp á að bjóða.
- Umbúðir skoðaðar með tilliti til umbúðamerkinga og tilgang þeirra.

## Matur og menning

### Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.

**Leiðir að markmiðum** - Umræður um almenna borðsiði, hátíðir og hátíða/þjóðlegan mat.